

Alþingi

Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík Reykjavík,

25. maí 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (kaup og sala þjónustu milli landa, áskriftir og sala fréttablaða o.fl.), 562. mál

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis dags. 11. maí 2018. Með erindinu var FRÍSK (Félagi rétthafa í sjónvarpi og kvikmyndum) sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, sbr. 562. mál. Í frumvarpi því sem sent var til umsagnar eru lagðar til ýmsar breytingar á upphæð og innheimtu virðisaukaskatts.

Þær breytingar sem varða hagsmuni FRÍSK og félagsmanna samtakanna hvað snertir sýningu myndefnis, er þó einkum að finna í ákvæði 2. gr. frumvarpsins, en þar eru lagðar til breytingar á ákvæði 4. tl. 2. mgr. 14. gr. laganna. Með breytingartillögunni mun virðisaukaskattur á áskriftargjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva lækka í 11%.

FRÍSK fagnar því eindregið að til standi að draga úr skattheimtu á þá aðila sem selja áskriftarþjónustu að myndefni, enda hefur samkeppnisstaða þeirra veikt síðustu ár, m.a. vegna aukins aðgengis að myndefni eftir öðrum leiðum.

Á hinn bóginn harma samtökin að aðrir aðilar sem einnig bjóða myndefni, einkum kvikmyndahús og þeir aðilar sem bjóða myndveitþjónustu (e. Video On Demand – VOD), skuli ekki einnig njóta sambærilegra skattalækkana. Framangreind þjónusta á verulega undir högg að sækja hér á landi, einkum vegna samkeppni frá erlendum stórfyrirtækjum á borð við Netflix sem og ólögumætri eintakagerð sem erfitt er að stemma stigu við.

Í niðurstöðum könnunar sem Gallup framkvæmdi fyrir FRÍSK og kom út í mars árið 2017 má t.a.m. sjá að 44% heimila landsins eru með áskrift af Netflix. Þá eru 3–4% heimila einnig með áskrift af öðrum sambærilegum erlendum veitum á borð við Google Play og Amazon Prime Video. Notkun erlendra efnisveitna á borð við framangreindar hefur aukist mjög eftir að þær opnuðu fyrir löglega þjónustu hér á landi. Hefur markaðshlutdeild þeirra því síst minnkað frá því að framangreind könnun var framkvæmd.

Erlendar efnisveitur taka því stóran bita af köku íslenskra fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Samkvæmt fyrrnefndri könnun Gallup má leiða líkur að því að innlendir aðilar og rétthafar verði af tæplega 1,7 milljarði kr. viðskiptum árlega vegna samkeppninar við Netflix og sambærilegar þjónustur. Netflix og aðrar erlendar myndveitur greiða ekki tekjuskatt hér á landi og njóta þar að auki gríðarlegrar stærðarhagkvæmni sökum umfangs starfsemi sinnar. Enginn innlendir aðili nýtur viðlíka kosta. Bráðnauðsynlegt er því að skattaálögur á löglegar veitur hér á landi verði lágmarkaðar til að efla samkeppnishæfni íslenskra myndveitna.

Í þessu samhengi má þar að auki benda á að samkvæmt annarri könnun sem Capacent Gallup framkvæmdi í febrúar 2016 má leiða líkur að því að beint fjárhagslegt tap innlendra aðila á markaði fyrir myndefni vegna ólöglegrar streymipjónustu og niðurhals nemi um 1,1 milljarði króna á ári. Ólögleg notkun hugverkaréttindum félagsmanna FRÍSK er því mikil og viðvarandi meðal einstaklinga en hún grefur verulega undan rekstri þeirra, rýrir samkeppnisgetu þeirra og skerðir möguleika á að bjóða neytendum nýtt myndefni.

FRÍSK vill einnig vekja athygli á skýrslu rýnihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymipjónustu sem kom út í júní 2014, sbr. frétt á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis þann 30. júní 2014. Ein veigamesta tillaga rýnihópsins var sú að lækka virðisaukaskatt af sölu kvikmynda á netinu í neðra skattþrep þar sem slíkt hefði þegar verið gert við tónlist. Auk þess lagði rýnihópurinn til að virðisaukaskattur á myndveitupjónustu yrði settur í lægra skattþrep til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva.

FRÍSK bendir einnig á að aðgöngumiði í kvikmyndahús ber í dag 24% virðisaukaskatt. Í þessu sambandi benda samtökin á að nánast hvergi í heiminum er svo hátt hlutfall af verði aðgöngumiða greitt til ríkisins. Í flestum löndum Evrópu er virðisauki á aðgöngumiða í kvikmyndahús í lægra þrepi virðisaukaskatts. Af þeim löndum sem Ísland ber sig jafnan saman við, innheimtir eingöngu Danmörk hærri virðisaukaskatt af aðgöngumiða. Í Svíþjóð er virðisaukaskattur á aðgöngumiða 6%, í Noregi er hann 8% og í Finnlandi 9%, svo nokkur dæmi séu nefnd. Starfsemi kvikmyndahúsa hefur átt verulega undir högg að sækja á undanförunum árum. Óhófleg skattálagning er síst til að bæta rekstrarumhverfi þeirra.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.:

„Gera þarf skýran greinarmun á þeirri starfsemi fjölmiðla sem sinna lýðræðis- og menningarlegu hlutverki með miðlun á fréttum og fréttatengdu efni og hins vegar á annarri starfsemi þeirra eða annarra aðila sem felst í miðlun efnis í afþreyingarskyni, þ.e. sölu á hljóð- og myndefni eftir pöntun, svokallaðri VOD-þjónustu (e. Video-on-demand), og bíómiðum. Líkt og sagði hér að framan gerir ríkisstjórnin ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum að endurskoðun fari fram á skattalegu umhverfi tónlistar, íslensks ritmáls og fjölmiðla. Í ljósi endurskoðunar á skattalegu umhverfi fjölmiðla verður að telja að tillaga þess efnis að virðisaukaskattur af hljóð- og myndefni og af bíómiðum sé felldur í lægra skatthlutfall virðisaukaskatts þjóni ekki þeim tilgangi sem gengið er út frá í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að stuðla að eflingu á fréttum og fréttatengdu efni, verndun íslenskunnar o.fl. með samræmingu á skattlagningu prentmiðla og rafrænna miðla tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða. Þá ganga tillögur þess efnis að hljóð- og myndefni eftir pöntun sem og bíómiðar skuli falla í lægra skatthlutfall virðisaukaskatts gegn þeirri stefnu sem fylgt hefur verið undanförunum ár að einfalda skattkerfið og auka skilvirkni þess. Sú stefna hvílir á þeim grunni að virðisaukaskattur sé einn af mikilvægustu tekjustofnum ríkisins og sé jafnframt almennur og hlutlaus. Öll frávik frá grunngerð skattlagningar virðisaukaskatts veikja þannig grundvöll hans.“

Framangreindar athugasemdir eiga einfaldlega ekki við rök að styðjast. Í athugasemdum með 2. gr. laganna er ekki minnst á að tilgangur ákvæðisins sé að efla fréttir og fréttatengt efni eða að vernda íslenskuna. Þar segir hins vegar:

„Þá má ætla að mismunandi tilhögun skattlagningar á sambærilega miðla á pappírformi annars vegar og rafrænu formi hins vegar hafi slæm áhrif á samkeppni. Geta má þess að OECD hefur lagt áherslu á að skattlagning rafrænna og hefðbundinna viðskipta skuli vera „hlutlaus“ og „sanngjörn“. Skattalegir hvatar skuli þannig t.d. ekki hafa áhrif á að aðilar

velji frekar að kaupa vöru en þjónustu á mismunandi miðlum þegar um sambærilegt efni er að ræða.“

Ljóst er því að tilgangurinn með ákvæði 2. gr. virðist fyrst og fremst vera sá að hindra að skattalegir hvatar skuli ráða kaupum neytenda á vöru eða þjónustu á mismunandi miðlum þegar um sambærilegt efni er að ræða.

Hér skal bent á að sjónvarpsstöðvar sem selja áskrift að kvikmyndum og öðru myndefni veita með því sambærilega þjónustu og þeir aðilar sem reka myndveitubjónustu eða kvikmyndahús, en munurinn er fyrst og fremst sá með hvaða hætti og á hvaða tíma horft er á myndefnið. Ekki verður séð að álagning misjafnlega hás virðisaukaskatts á áskriftarþjónustu, myndveitubjónustu eða aðgöngumiða að kvikmyndum þjóni tilgangi ákvæðisins.

Í þessu samhengi vekja samtökin einnig athygli á að sala á bókum og tónlist ber 11% virðisaukaskatt og hefur gert það sl. 6 ár. Það sama á hins vegar ekki við um kvikmyndir. Ekki verður séð að nokkur málefnaleg rök standi til þess að innheimta hærrí skatta við sölu kvikmynda en við sölu bóka eða tónlistar. Ef ætlunin er sú að vernda íslenskt mál með ólíkri skattheimtu, má benda á að bækur og tónlist, líkt og kvikmyndir, má finna á öllum tungumálum. Þá má benda á að ef ætlun löggjafans er sú að einfalda skattheimtu, líkt og ofangreindar athugasemdir ganga út frá, sbr. ofangreint, væri eðlegast að færa sölu kvikmynda undir sama skattþrep og sölu bóka og tónlistar.

Það er verulegt hagsmunamál fyrir aðildarfélög FRÍSK, sem mörg hver eru atvinnuveitendur fjölda fólks, að gætt sé jafnræðis við skattheimtu á menningarstarfsemi óháð formi. Það er beinlínis ósanngjarnt að svo nátengd form menningarefnis skuli ekki sett undir sama hatt við innheimtu neysluskatta. Engin málefnaleg rök standa til þess að innheimta misháa neysluskatta eftir formi menningarstarfsemi.

Enda þótt FRÍSK telji mjög ánægjulegt að dregið skuli úr skattheimtu á áskriftargjöld sjónvarpsstöðva, telja samtökin samt sem áður augljóst að færa ber sölu aðgöngumiða í kvikmyndahús og leigu kvikmynda í gegnum myndveitur undir sama skattþrep og sala á bókum, tónlist og áskriftargjöld sjónvarpsstöðva.

Virðingarfyllt,

f.h. FRÍSK,

Fróði Steingrímsson, lögmaður